

Póstmannafélag Íslands
Grettisgötu 89
105 Reykjavík

28. júní 2006

Efni: Réttur tímavinnustarfsmanna hjá Íslandspósti til launa í veikindum og ávinnslu starfsaldurs.

Samkvæmt bréfi Póstmannafélags Íslands, dags. 30. maí sl. er ágreiningur á milli félagsins og Íslandspósts um rétt tímavinnustarfsmanna hjá fyrirtækinu til launa í veikindum og ávinnslu starfsaldurs. Óskar félagið eftir álit réttindanefndar BSRB um framangreind réttindi en í þessu tiltekna máli er um að ræða tvo tímavinnustarfsmenn sem veiktust og fengu engan veikindarétt greiddan. Annars vegar er um að ræða starfsmann sem vann fast alla daga vikunnar, ca 2 tíma á dag og hins vegar starfsmann sem vann fast á þriðjudögum og fimmtudögum 4 tíma í senn.

Í lögum um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla nr. 19/1979 er kveðið á um lágmarksveikindarétt launafólks á almennum vinnumarkaði.

Almenna skilyrðið samkvæmt lögnum til að eiga rétt á greiðslu launa í veikindum er að það sé ráðningarsamningur milli launamanns og atvinnurekanda. Ekki er skilyrði að um fullt starf sé að ræða. Starfsmenn sem eru lausráðnir eða á tímavinnukaupi eiga sama rétt til greiðslna í veikindum og aðrir starfsmenn ef þeir hafa áunnið sér veikindarétt samkvæmt kjarasamningi og eru veikir þá daga eða á því tímabili sem ákveðið hafði verið að þeir störfuðu hjá atvinnurekanda. Til stuðnings álit réttindanefndar þá er kveðið á um það í 4. gr. laga um réttindi hlutastarfsmanna nr. 10/2004, að „*starfsmenn í hlutastörfum skulu ekki njóta hlutfallslega lakari kjara eða sæta lakari meðferð en sambærilegir starfsmenn í fullu starfi af þeirri ástæðu einni að þeir eru ekki í fullu starfi, nema slíkt sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.*“ Samkvæmt a. lið 1. mgr. 3. gr. laganna telst starfsmaður í hlutastarfi ef venjulegur vinnutími hans á viku eða að meðaltali miðað við heilt ár er styttri en sambærilegs starfsmanns í fullu starfi. Í þeim tilvikum sem um ræðir voru starfsmennirnir reglubundið að

vinna ákveðinn fjölda tíma á viku á fyrirfram ákveðnum dögum og því fast skipulag hvenær starfsmaðurinn á að vinna og hvenær hann er í frí. Samkvæmt framangreindu eiga tímavinnustarfsmenn hlutfallslega rétt til launa í veikindum fyrir þá tíma sem ákveðið hafði verið að þeir ynnu eins og aðrir starfsmenn Íslandspósts.

Í bréfi félagsins er jafnframt óskað eftir áliti nefndarinnar á réttindum tímavinnustarfsmanna til starfsaldurs. Í kjarasamningsákvæði 1.2.2. í samningi félagsins er skýrt tekið fram að minna starfshlutfall en 25% reiknast ekki til starfsaldurs. Hins vegar leggur réttindanefnd til að farið verði yfir réttarstöðu tímavinnustarfsmanna hjá Íslandspósti með það í huga að tryggja að þeir njóta ekki hlutfallslega lakari kjara en aðrir starfsmenn.

F.h Réttindanefndar BSRB

Erna Guðmundsdóttir, hdl.